

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – september 2006

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu níu mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu jókst handbært fé frá rekstri um 43,9 milljarða króna innan ársins, sem er 29,3 milljörðum hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust um 28,6 milljörðum hærri en í fyrra, ef undanskildar eru tekjur vegna sölunnar á Landssímanum hf., á meðan gjöldin standa í stað milli ára. Hreinn lánsfjárfjöfnum er jákvæður um 41,6 milljarða króna, en hann var jákvæður um 59,7 milljarða á sama tíma í fyrra.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar–september (Í milljónum króna)

| | <u>2002</u> | <u>2003</u> | <u>2004</u> | <u>2005</u> | <u>2006</u> |
|--|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Innheimtar tekjur | 168.001 | 187.293 | 201.207 | 305.378 | 277.246 |
| Greidd gjöld | 184.347 | 195.857 | 212.932 | 233.596 | 233.632 |
| Tekjujöfnum | -16.346 | -8.564 | -11.725 | 71.782 | 43.614 |
| Söluhagn. af hlutabréfum og eignarhlutum | -3.252 | -12.013 | - | -56.755 | - |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda | -1.634 | -735 | 1.320 | -446 | 258 |
| Handbært fé frá rekstri | -21.232 | -21.312 | -10.405 | 14.581 | 43.872 |
| Fjármunahreyfingar | 8.382 | 20.202 | 7.969 | 45.165 | -2.245 |
| Hreinn lánsfjárfjöfnum | -12.850 | -1.110 | -2.436 | 59.746 | 41.627 |
| Afborganir lána | -22.698 | -19.498 | -30.843 | -47.939 | -38.071 |
| Innanlands | -10.597 | -7.048 | -5.676 | -14.056 | -15.198 |
| Erlendis | -12.101 | -12.450 | -25.166 | -33.883 | -22.873 |
| Greiðslur til LSR og LH | -6.750 | -5.625 | -5.625 | -2.950 | -2.970 |
| Lánsfjárfjöfnum, brúttó | -42.298 | -26.233 | -38.904 | 8.857 | 586 |
| Lántökur | 50.238 | 31.467 | 40.679 | 11.698 | 24.978 |
| Innanlands | 14.627 | 30.253 | 17.430 | 11.698 | 20.362 |
| Erlendis | 35.611 | 1.214 | 23.249 | - | 4.616 |
| Greiðsluafkoma ríkissjóðs | 7.940 | 5.234 | 1.775 | 20.555 | 25.564 |

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 277 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins. Á sama tíma í fyrra voru tekjurnar 305 ma.kr. en í september í fyrra var söluverð Landssímans greitt og kom 56,8 ma.kr. söluhagnaður inn á tekjuhlið í þeim mánuði. Sé litið fram hjá sölnni jukust hins vegar tekjur á tímabilinu um 28,6 ma.kr. eða 11,5%. Aukningin verður 10,2% ef einnig er leiðrétt fyrir tilfærslu á innheimtum tekjuskatti lögaðila um sl. áramót. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 12,4% að nafnvirði. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 6,5% og raunaukning skatttekna og tryggingargjalda var því 5,6%.

Innheimta skatta á tekjur og hagnað nam rúmum 88 ma.kr. og jókst um rúma 14 ma.kr. frá síðasta ári, eða 15,2%. Tekjuskattur einstaklinga jókst um 12,1% og lögaðila um 69,6% (þá er leiðrétt fyrir fyrrgreindri tilfærslu). Innheimtur fjármagnstekjuskattur lækkaði um 2,4% milli ára, en fjármagnstekjuskattur vegna sölu Landssímans myndaði 6 ma.kr. tekjur fyrir ríkissjóð í september í fyrra, sem skekkir samanburðinn. Sé litið fram hjá þeim eina lið jókst fjármagnstekjuskattur á tímabilinu um 46% milli ára. Innheimt tryggingagjöld jukust um 16% milli ára, eða rúm 6% umfram hækkun launavísitölu á sama tíma. Innheimta eignarskatta nam 6,9 ma.kr. sem er 36,6% minna en á sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld 5,4

ma.kr. en innheimta þeirra á árinu hefur dregist saman um 22% frá fyrra ári, meðal annars vegna þess að dregið hefur úr skuldbreytingu lána.

Innheimta almennra veltuskatta nam 132 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins og jókst um 14,1% að nafnvirði frá fyrra ári eða 7,1% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Tekjur af virðisaukaskatti jukust um 16,3% sem jafngildir 9,2% raunaukningu. Vegna lagabreytingar í upphafi ársins sem fól í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum fer marktækni samanburðar við fyrra ár eftir því hvaða tímabil innan ársins er til skoðunar. Sé horft á hreyfanlegt meðaltal nokkurra mánaða kemur fram raunvöxtur tekna af sköttum sem lagðir eru á vöru og þjónustu náði hámarki í árslok 2005 en á þessu ári hefur hægt jafnt og þétt á vextinum. Aðrir veltuskattar en virðisaukaskattur nema um þriðjung af veltusköttum í heild. Þessir skattar hafa dregist saman að raunvirði á síðustu mánuðum, og er þá miðað við hreyfanlegt meðaltal yfir nokkra mánuði.

Tekjur ríkissjóðs janúar–september 2006

| | Í milljónum króna | | | Breyting frá fyrra ári, % | | |
|--------------------------------------|-------------------|----------------|----------------|---------------------------|-------------|--------------|
| | 2004 | 2005 | 2006 | 2004 | 2005 | 2006 |
| Skatttekjur og tryggingagjöld | 187.275 | 228.399 | 260.030 | 15,3 | 22,0 | 13,8 |
| Skattar á tekjur og hagnað | 59.556 | 73.933 | 88.400 | 20,3 | 24,1 | 19,6 |
| Tekjuskattur einstaklinga | 44.361 | 48.895 | 54.830 | 12,0 | 10,2 | 12,1 |
| Tekjuskattur lögaðila | 7.473 | 8.179 | 17.117 | 128,9 | 9,4 | 109,3 |
| Skattur á fjármagnstekjur | 7.723 | 16.859 | 16.452 | 16,1 | 118,3 | -2,4 |
| Eignarskattar | 7.509 | 10.873 | 6.897 | 20,3 | 44,8 | -36,6 |
| Skattar á vöru og þjónustu | 96.358 | 116.093 | 132.458 | 12,8 | 20,5 | 14,1 |
| Virðisaukaskattur | 64.064 | 78.353 | 91.137 | 13,8 | 22,3 | 16,3 |
| Vörugjöld af ökutækjum | 4.571 | 7.856 | 8.256 | 36,3 | 71,9 | 5,1 |
| Vörugjöld af bensini | 6.481 | 6.826 | 6.904 | 11,5 | 5,3 | 1,1 |
| Skattar á olíu | 4.469 | 3.907 | 4.994 | 18,5 | -12,6 | 27,8 |
| Áfengisgjald og tóbaksgjald | 7.667 | 8.091 | 8.437 | 3,2 | 5,5 | 4,3 |
| Aðrir skattar á vöru og þjónustu | 9.105 | 11.060 | 12.730 | 4,4 | 21,5 | 15,1 |
| Tollar og aðflutningsgjöld | 2.250 | 2.456 | 3.311 | 20,5 | 9,2 | 34,8 |
| Aðrir skattar | 1.233 | 1.340 | 1.461 | . | 8,7 | 9,0 |
| Tryggingagjöld | 20.369 | 23.704 | 27.504 | 9,2 | 16,4 | 16,0 |
| Fjárframlög | 279 | 321 | 885 | -58,1 | 15,1 | 175,7 |
| Aðrar tekjur | 13.610 | 19.512 | 15.783 | 16,9 | 43,4 | -19,1 |
| Sala eigna | 43 | 57.145 | 547 | - | - | - |
| Tekjur alls | 201.207 | 305.377 | 277.246 | 7,4 | 51,8 | -9,2 |

Greidd gjöld nema 233,6 milljörðum króna og eru því sem næst óbreytt frá fyrra ári. Frávik eru þó á einstökum liðum. Vaxtagreiðslur lækka um 8,6 milljarða, einkum vegna þess að stór flokkur spariskirteina var á innlausn í apríl í fyrra. Þá lækkar greiddur fjármagnstekjuskattur um 6,1 milljarð milli ára vegna sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Landssímanum hf. í fyrra. Að vaxtagreiðslum og fjármagnstekjuskatti undanskildum hækka gjöldin um 14,7 milljarða eða 6,5%. Mest munar um 4,5 milljarða hækkun til heilbrigðismála og 2,9 milljarða til menntamála. Þá hækka greiðslur til almannatrygginga- og velferðarmála um 1,6 milljarða og til almennrar opinberrar þjónustu um 2,6 milljarða. Greiðslur til löggæslu hækka um 1,3 milljarða, en greiðslur til atvinnamála hækka mun minna, eða um 0,5 milljarða milli ára.

Heilbrigðismál og almannatryggingar vega samtals um helming af heildargreiðslum ríkissjóðs.

Gjöld ríkissjóðs janúar–september 2006

| | Í milljónum króna | | | Breyting frá fyrra ári, % | |
|-------------------------------------|-------------------|----------------|----------------|---------------------------|------------|
| | 2004 | 2005 | 2006 | 2005 | 2006 |
| Almenn opinber þjónusta | 35.554 | 48.462 | 36.421 | 36,3 | -24,8 |
| Þar af vaxtagreiðslur | 11.512 | 16.496 | 7.865 | 43,3 | -52,3 |
| Heilbrigðismál | 55.419 | 58.752 | 63.210 | 6,0 | 7,6 |
| Almannatryggingar og velferðarmál | 50.973 | 53.233 | 54.866 | 4,4 | 3,1 |
| Efnahags- og atvinnumál | 32.220 | 31.018 | 31.527 | -3,7 | 1,6 |
| Menntamál | 20.217 | 23.218 | 26.112 | 14,8 | 12,5 |
| Menningar-, íþrótt- og trúmál | 9.429 | 9.218 | 10.337 | -2,2 | 12,1 |
| Löggæsla, réttargæsla og öryggismál | 6.573 | 6.824 | 8.108 | 3,8 | 18,8 |
| Umhverfisvernd | 2.383 | 2.537 | 2.730 | 6,5 | 7,6 |
| Húsnæðis- skipulags- og veitumál | 176 | 335 | 321 | 90,4 | -4,1 |
| Gjöld alls | 212.943 | 233.596 | 233.632 | 9,7 | 0,0 |

Lántökur ársins nema 25 milljörðum króna en afborganir lána eru 38 milljarðar. Mismunurinn er fjármagnaður með handbæru fé frá rekstri.

Eiginfjárframlag ríkisins í Nýsköpunarsjóði var aukið um 1 milljarð króna á árinu og 3 milljarðar voru greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs.